

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 123 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 23. maí 2023 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfiörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Helga Kristín Kolbeins boðaði förföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Uppgjör jan.-apríl 2023.**

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrartölur fyrstu fjóra mánuði ársins. Honum er þökkun yfirferðin.

2. **Lögheimilisafsláttur.**

Vart hefur orðið við misnotkun á lögheimilisafsláttum, aðilar sem ekki eiga lögheimili í Vestmannaeyjum eru skráðir á kennitölur heimamanna. Þetta er að sjálfsögðu óheimilt og verður tekið hart á þeim aðilum sem verða uppvísir að slíku athæfi.

3. **Endurnýjun á þjónustusamningi við Vegagerðina.**

Samninganefnd hefur sett tvo fundi með Vegagerðinni. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður skýrðu frá meginmáli fundanna.

4. **Starfsmannamál.**

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður í næsta mánuði.

Fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.